

SAMÞYKKT

um kattahald í Sveitarfélaginu Álftanesi.

I. KAFLI

Markmið, gildissvið o.fl.

1. gr.

Markmið samþykktar þessarar er að stuðla að því að umráðamenn katta fari vel með ketti sína, sjái til þess að þeir lendi ekki á flækingi, valdi ekki nágrönnum óþægindum eða tjóni og til verndar viðkvæmu og fjölbreytilegu fuglalífi í sveitarfélaginu.

2. gr.

Samþykktin gildir í Sveitarfélaginu Álftanesi og sætir kattahald þeim takmörkunum sem greinir í samþykkt þessari.

3. gr.

Foreldrar eða forráðamenn eru ábyrgir fyrir köttum ólögráða barna sinna.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar.

5. gr.

Um kattahald í fjölbýlishúsum vísast að öðru leyti til ákvæða laga um fjöleignarhús nr. 26/1994.

6. gr.

Séu fleiri en 5 kettir á sama heimili gilda ákvæði fylgiskjals 1, í hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 um starfsleyfisskylda starfsemi.

II. KAFLI

Meginreglur.

7. gr.

Vernda skal viðkvæmt fuglalíf Álftaness og draga úr óþægindum sem íbúar kunna að verða fyrir vegna kattahalds.

8. gr.

Umráðmenn katta skulu halda þá þannig að kettir þeirra verði ekki á flækingi utan dyra frá kl. 24 að nóttu til kl. 7 að morgni.

9. gr.

Umráðamanni kattar ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma frá 1. maí til 31. ágúst, með því að hengja bjöllu á kött sinn og eftir atvikum að takmarka útiveru kattarins fram yfir það sem fram kemur í 8. gr. ef ástæða er til.

10. gr.

Umráðamanni kattar er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna.

11. gr.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að takmarka rétt viðkomandi til að halda kött ef fyrir liggja skriflegar kvartanir um ónæði eða hættu sem kötturinn er sannanlega valdur að og eiganda eða umráðamanni tekst ekki að komast fyrir það.

12. gr.

Umráðamanni kattar er skylt að láta ormahreinsa kött sinn árlega og ber hann allan kostnað af hreinsun hans. Skylt er að hreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Umráðamanni er skylt að geyma hreinsunartottorð í þrjú ár og framvísa því við eftirlitsaðila ef óskað er.

13. gr.

Umráðamaður skal hafa kött sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Váttryggingin skal ná til alls þess tjóns sem dýr hans kann að valda á mönnum og munum. Váttryggingaupphæð verði samkvæmt almennum skilmálum tryggingafélaga.

14. gr.

Umráðamanni er skylt að sjá til þess að vel verði farið með kött hans sbr. ákvæði dýraverndarlaga nr. 15/1994.

III. KAFLI

Merking katta og flækingskettir.

15. gr.

Kött sem hleypt er út úr húsi skal merkja með örmerki undir húð á miðjum herðakambi eða húðflúri á hægri eyra samkvæmt reglum sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis setur.

16. gr.

Heilbrigðisnefnd gerir ráðstafanir til að fækka flækingsköttum, enda skal það auglýst tryggilega. Í því skyni er heimilt að koma fyrir búrum, agni eða sambærilegum tækjum til að fanga ketti. Merktur köttur sem fangaður er þannig á tímabilinu kl. 24 til kl. 7 skal geymdur í 7 daga. Hafi kattari ekki verið vitjað innan þess tíma skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða aflifaður. Ef eigandi gefur sig fram skal hann greiða áfallinn kostnað.

IV. KAFLI

Þvingunarúrræði, viðurlög o.fl.

17. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

V. KAFLI

Lagastoð, gildistaka o.fl.

18. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og samþykkt af bæjarstjórn Álftaness staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 12. nóvember 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.